# Hvers vegna uppmæling?

**Verndar** eignarrétt þinn

**Minnkar** líkur á ágreiningsmálum um eignamörk

**Liðkar** fyrir um örugga ráðstöfun eigna

## Uppmæling eignamarka er alltaf samstarfsverkefni með aðkomu eigenda, hagsmunaaðila og stjórnvalda


ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Ríkiseignir
byggingar, land og auðlindir

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


## Nánari leiðbeiningar:

**Um landamerki**
Vefur Þjóðskrár Íslands undir „Landamerki: Um afmörkun landeigna“

**Uppmæling skref fyrir skref**
Vefur Þjóðskrár Íslands undir „Uppmæling landamerkja og eignamarka“

**Landamerkjabækur á vefnum**
Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands

**Vefsjá landeigna**
Vefur Þjóðskrár Íslands og geo.skra.is/landeignaskra



# UPPMÆLING EIGNAMARKA

## - JARÐIR OG LÓÐIR -

**2016**

## Hvar byrja ég?

- Finndu landeignarnúmer þinnar fasteignar í **Vefsjá landeigna** á vef Þjóðskrár Íslands
- Taktu saman öll **skjöl** sem þú átt í þínum fórum um landamerki og eignamörk
- Kannaðu hvaða upplýsingar eru til um eignina hjá **sveitarfélaginu**
- Safnaðu saman landamerkjalýsingum á **Jarðavef Þjóðskjalasafnsins**
- Óskaðu eftir þinglýstum gögnum um fasteignina hjá viðkomandi **sýslumanni**
- Gerðu lista yfir landeignarnúmer **aðliggjandi landeigna** (jarðir og lóðir). Staðfang í vefsjánni gefur til kynna mögulegan hagsmunaðila þó að afmörkun eignar vanti
- Óskaðu eftir upplýsingum um **eigendur þessara landeigna** á netfanginu skra@skra.is
- Ræddu við **eigendur aðliggjandi eigna** um ferlið, eignamörkin sjálf, skiptingu kostnaðar o.fl.

## Hvert get ég leitað?

- Ýmsir sérfræðingar bjóða þjónustu, gegn gjaldi, hvort sem er við allt ferlið (heimildaöflun, mælingar og skjalagerð) eða afmarkaða hluta þess
- Sveitarfélagið getur án efa bent á fagfólk á þínu svæði

## Hvað kostar uppmæling?

- Kostnaður við uppmælingu getur farið eftir umfangi eignarinnar en ekki síður eftir því hversu mikla aðkeypta þjónustu þú þarft
- Kostnaður getur falist í aðstoð við heimildaöflun, fjölföldun skjala, uppmælingu, kortagerð, lögfræðiráðgjöf og þinglýsingu



## Hvernig verður þetta lögformlegt?

Niðurstaðan verður í formi **yfirlýsingar um landamerki og eignamörk** sem inniheldur:

- Texta þar sem landamerkin og eignamörkin eru sett fram
- Heimildaskrá
- Uppdrátt með hnitaskrá sem sýnir uppmæld landamerki og línur á milli þeirra
- Undirskriftir allra eigenda sem hlut eiga að umræddum eignamörkum

## Lokaskrefin:

- Þú ferð með yfirlýsinguna til **sveitarfélagsins** og ef breyta þarf skráningu, sér sveitarfélagið um að tilkynna það til Þjóðskrár Íslands
- Að þessu loknu ferðu með yfirlýsinguna til viðkomandi **sýslumanns** til þinglýsingar